

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningasjóð Sveinbjörns Sveinbjörnssonar, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dómsmálaráðherra 6. maí 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningasjóð Sveinbjörns Sveinbjörnssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningasjóður Sveinbjörns Sveinbjörnssonar. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur eru Sveinbjörn Bjarnason, Friðrikka Eðvaldsdóttir, Eðvald Sveinbjörnsson og Helgi Þór Sveinbjörnsson öll til heimilis að Dvergabakka 28, Reykjavík, og Bjarni Sveinbjörnsson og Edda Borg Ólafsdóttir til heimilis að Arahólum 4, Reykjavík.

3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Sveinbjörn Sveinbjörnsson f. 23. febrúar 1971 en hann lést af slysförum 24. ágúst 1980.

4. gr.

Stofnframlag sjóðsins er 10 000,00 kr. Tíuþúsundkrónur. Stofnframlag sjóðsins má aldrei skerða.

5. gr.

Sjóðurinn skal vera við Breiðholtskirkju í Reykjavík. Hann skal styrkja kaup á hljóðfæri til nota í Safnaðarheimili kirkjunnar svo og við athafnir í kirkjunni þegar svo ber undir. Þá skal sjóðurinn styrkja og styðja tónlistarlíf og flutning tónlistar í kirkjunni.

6. gr.

Ráðstöfunartekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé, tekjur af sölu minningarkorta og önnur framlög í sjóðinn.

7. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Safnaðarnefndar Breiðholtssóknar. Sjóðnum skal skipuð þriggja manna stjórn. Í stjórninni á sæti sóknarprestur Breiðholtsprestakalls, einn maður tilnefndur af stofnendum sjóðsins og síðar afkomendum stofnenda og einn maður tilnefndur af Safnaðarnefnd Breiðholtssóknar. Fjármunir sjóðsins skulu ávaxtaðir á bestu fáanlegu bankareikningum hverju sinni. Safnaðarnefnd sér um reikningshald sjóðsins, en reikningsár er almanaksárið.

Aðalfund sjóðsins skal halda í tengslum við aðalfund Breiðholtssafnaðar.

8. gr.

Sjóðnum skal skipa endurskoðendur og mega þeir vera þeir sömu og reikninga Breiðholtssóknar.

9. gr.

Verði samþykkt að leggja sjóðinn niður skulu allar eigur hans renna til Breiðholtskirkju. Til þess að sú ákvörðun sé lögmæt þurfa allir stjórnarmenn að samþykkja hana.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.